

1.

## KVEDJA TIL NOREGS.

Í dag eru liðin 130 ár síðan Norðmenn eignuðust 17. maí:  
"Den velsignede blandt Dageŕ".

"Vér höfum ákveðið að hætta á allt og fórna öllu til þess  
að halda uppi sjálfstæði Noregs".

Í þessum orðum birtist hin háleita hugsjón 17. maí. Það  
er þessi hugsjón sem jafnan síðan hefir lýst upp veginn  
og varnað því að vetrarmyrkrin viltu norsku þjóðina að  
réttri braut. Það er vegna þeirra fórna, sem norskt þrek  
og karlmannslund síðustu árin hefir fært þessari hugsjón  
að aldrei hefir birtuna og ljómann af norskum heiðri borið  
viðar en eimitt í dag.

Eftir þriggja ára útleigð frá ættjörð sinni lýsti Nygaardsvold,  
forsætisráðherra Norðmanna, gerræði nasista þannig:

"Að hætti þjófa og ræningja réðst erlent stórveldi - Þýzka-  
land - inn í land vort að næturlagi og brenndi og svívirtí,  
myrti og stal um landið þvert og endilangt".

Í sama mund mælti konungur Norðmanna:

"Sigurinn er enn ekki unnin, en enginn okkar er í minnsta  
vafa um hver endirinn verður".

Sem vænta mátti fara báðir þessir öndvegismenn norsku þjóðarinnar rétt með, Vart hefur nokkru sinni fyrr alsaklaust varnarlítil menningarþjóð sætt jafn óverðskulduðu, æðisgengnu og miskunnarlausu ofbeldi sem Norðmenn nú. Og sjaldan hefur áður stalbrynjað ofur eflíkúgarans staðið jafn ráðþrota gegn trúnaði við háleitar hugsjónir sem þýzki nasisminn nú gerir eftir 4 ára baráttu við brennandi og máttuga föðurlandsins ást og ósigrandi frelsisþrá Norðmanna.

-----

17. maí, dagur vorsins, er upp runninn; Dytur laufsins, kliður fuglanna bæðar nýtt vor í lífi norsku þjóðarinnar, en þungur niður leysinga-elfunnar gelur kúgaranum dauðaspána. Heima í Noregi býr þjörkuð þjó, en ekki sigruð. Í útleigðinni dvelja margir hennarágætustu sýnir. En allir sannir Norðmenn, hvar í heimi sem þeir eru staddir sameinast í baráttunni fyrir fresli ættlandsins og eiga í sál sinni dýrmæta von og vissu þess að brátt skín sól frelsisins og fullveldis að nýju yfir bjartan jökulfald hins stórbrotna og fagra föðurlands þeirra.

0-----

Íslendingar geta deilt við Norðmenn, svo sem bræður má henda. En enginn misþyrmir Norðmönnum án þess með því að baka sér fjandskap Íslendinga. Engin þjóð er Íslendingum jafn nátengd sem Norðmenn. Enginn skilur þá betur en við og enga skiljum við betur en þá. Þess vegna svellur okkur harmur í brjósti, þegar við hugsum til þess sem þeir hafa þurft að þola. En einnig þess vegna miklumst við nú af afrekum þeirra og fögnum yfor sigurvissunni sem í hjörtum okkar býr.

Við Íslendingar óskum þess heitt og hjartanlega að norska þjóðin megi sameinuð heilsa næsta 17. maí í heimahögunum og að Norðmönnum auðnist að sveipa endurminninguna um þrengingar síðustu ára hjúpi réttláts metnaðar og gleði yfir að hafa:

"ákveðið að hætta á allt, þola allt og fórnna öllu til þess að halda uppi sjálfstæði Noregs" -

og sigrað.

Mbl. 17. maí 1944.